

Foreldraráð Núps - Fundargerð

Fundur nr.: 4

Staður: Núpalind 3

Dagsetning: 9. maí 2016

Tími: 16:00

Fundarritari: Guðbjörg

Mættir: Svana Kristinsdóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Eva Pálsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Brynja Dögg Hermannsdóttir og Sara Theodórsdóttir

Fjarverandi:

Dagskrá: Ýmiss málefni leikskólans

Á fundi foreldraráðs var rætt um skýrslu frá Kópavogsbæ, „skóli fyrir alla“ sem er skýrsla um þá sérfræðipjónustu og þann stuðning sem í boði er fyrir börn í leik- og grunnskólum Kópavogs. Það sem vakti athygli er að talmeinafræðingar eru innan grunnskóla en utan leikskóla. Foreldraráð hefur skýrsluna til yfirlestrar og hefur leikskólastjóri óskað eftir athugasemdum við skýrsluna ef einhverjar eru.

Rætt var stuttlega um sérfæði og þann kostnað sem fer í sérfæði. Töluvert er um börn sem þurfa sérfæði í leikskólanum.

Í mars var sendur tölvupóstur til Gunnars, forstöðumanns fasteignadeildar Kópavogsbæjar og hann beðin um að skoða hvort hægt væri að bæta úr hljóstarmálum í leikskólanum. Engin svör fengust og því mun foreldraráð senda ítrekun. Búið er að setja hljóðeinangrandi plötur í loft og niður á vegg í matsal. Ennþá vantar að dempa hljóð á göngum leikskólans.

Rætt var um danskennsluna sem var að klárast. Um er að ræða 6 vikna danskennsla og er þetta annað árið í röð sem hún hefur verið. Foreldrafélagið greiðir kostnaðinn á móti leikskólanum. Danskennslan hefur gengið mjög vel og hafa börnin verið mjög ánægð en það var rætt um það hvort að það mætti mögulega gera eitthvað annað á næsta ári. Það er mikill hávaði í danskennslunni og kostnaðurinn er mikill. Leikskólastjóri stakk upp á því að beina því til foreldrafélagsins og athuga frekar með fjöruferð fyrir börn og kennara leikskólans á næsta ári. Foreldraráðið mun koma þessum skilaboðum til foreldrafélagsins.

Fyrirhugaðar umbætur í garðinum eru ennþá í bið. Ekki er vitað hvenær verður ráðist í þær framkvæmdir. Lundur er sá staður sem þarf hvað mest á umbótum að halda og því vonast leikskólinn til að það svæði verði sett í forgang.

Börnum í leikskólanum verður fækkað um 2 börn í ár og 1 barn á næsta ári og verður þá fjöldi barna á leikskólanum 105. Leikskólinn hefur lengi barist fyrir því að fá fækkun og er það því ánægjulegt að það sé að gerast núna. Einhverjar tilfærslur verða með eldri og yngri ganga á leikskólanum næsta vetur. Mögulega þurfa einhver af 2013 börnunum að fara yfir á eldri ganginn þar sem það er vöntun á börnum þar. En ekkert er búið að ákveða í þeim efnum og mun það allt koma í ljós bráðlega.

Búið er að ganga frá ráðningum fyrir næsta vetur. En eins og leikskólastjórinn sagði þá getur það auðvita alltaf breyst.

Rætt var um grunnskólabörn sem fara upp á þak leikskólans. Spurt var hvaða vettvangur væri bestur til að reyna að ná til foreldra þessara barna. Þetta er hættulegur leikur hjá börnunum og slys geta alltaf gerst. Líklega væri best að hafa samband við Lindaskóla eða Kópavogsbæ eða þess vegna skrifa grein í Kópavogsblaðið til að láta vita. Meðlimur foreldraráðs mun að líkindum hafa samband við Lindaskóla.

Að lokum var rætt um elstu börnin á Núpi og hvernig flutningur úr leikskóla yfir í grunnskóla fer fram. Mikil ánægja er með það að boðið sé upp á fríundarheimili fyrir börnin áður en þau byrja í skóla í ágúst.

Síðasta fundi vetrarins lauk kl. 17:00